

## 1. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í húsa kynnum Microsoft, mánudaginn 5. júní 2023, kl. 17:00.

Mættir: Halldóra Guðvarðardóttir, Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Marta Sigurjónsdóttir, Magnús Heimir Jónasson, Axel Þór Eysteinnsson, Dýri Kristjánsson, Eva Hrund Gunnarsdóttir, Sólveig Jónsóttir og Edda Dögg Ingibergsdóttir,

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

### Málefni tekin á fundi

#### 1. Hlutverk stjórnar

- Stjórnin skipti með sér verkum
- Formaður: Sigurbjörg Fjölnisdóttir
- Varaformaður: Magnús Heimir Jónasson
- Gjaldkeri: Þór Ólafsson
- Ritari: Halldóra Guðvarðardóttir
- Meðstjórnendur: Axel Þór Eysteinnsson, Marta Sigurjónsdóttir og Dýri Kristjánsson
- Varamenn: Trausti Þór Friðriksson og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

#### 2. Undirritun heiðarleikaskjals

Stjórn skrifaði undir yfirlýsingu um trúnað, hlutleysi og virðingu.

#### 3. Auglýsing eftir nefndarfólki

Búið er að auglýsa eftir nefndarfólki í tækninefndir. Umsóknarfrestur rennur út 14. Júní. Tækninefnd karla er mönnum og Tækninefnd í hóp fimleikum. Enginn hefur sótt um að komast í Tækninefnd kvenna og er hún algjörlega ómönnum. Auglýst verður í áframhaldinu í fréttabréfi.

#### 4. Lög FSÍ

Lögin, með breytingum frá þingi fara til ÍSÍ í vikunni til samþykktar og eru því í vinnslu.



## 5. Mótaskrá til þriggja ára

- Vinna við mótaskrá til 3 ára er hafin og er samtal er hafið við RÚV.
- Könnun hefur verið send á félögin í tengslum við mótahaldið.
- Stefnt er að sameiginlegri Bikarmótsveislu í áhaldafimleikum og hóp fimleikum. Það þarf að búa til pakka um hvað það þýðir að taka þátt í þessu verkefni sem sjálfboðaliði, það þarf að klárast fyrir næsta formannafund.

## 6. Verkefni frá þingi

- Parafimleikar. Eva og Sólveig fóru á fund með Íþróttasambandið fatlaðra. Þetta er flókið í framkvæmd. Þurfum að skoða hvernig þetta er í frjálsum.
- Siðareglur eru samþykktar. Næsta skref er að setja þær á heimasíðu og senda út í fréttabréfi.
- Sjálfbærnistefna. Spurning um að fara í samstarf við t.d. fyrirtæki eins og Barnaloppuna eða velja aðra staðsetningu og selja notuð fimleikaföt. Þurfum að skoða fjáröflun, setjum upp drög og sendum út í lok ágúst.
- Sjálfboðaliðinn. Umræður um sjálfboðaliða.
- Verðlaunaumræða. Málefni frestað.
- Afreksstefna. Afreksstefnan er tilbúin, þurfum að senda hana á ÍSÍ og setja á heimasíðu.
- Stefnt er að sameiginlegri Bikarmótsveislu í áhaldafimleikum og hóp fimleikum. Það þarf að búa til pakka um hvað það þýðir að taka þátt í þessu verkefni sem sjálfboðaliði, það þarf að klárast fyrir næsta formannafund.

## 7. Ungmennaráð

Axel mun fara inn í hópinn. Við munum nýta það sem til er.

## 8. Endurvinnslumarkaður að hausti

Málefni frestað fram á haust.

## 9. Styrkur Reykjavíkurborgar til íþróttá- og tómstundastarfs



Sólveig mun fara með þetta inn á fund með sérsamböndunum.

## 10. Fjölismálið

Ábending barst um erfiðleika við skráningu. Málefni tekið fyrir með ÍSÍ, UMFÍ, ÍBR og samskiptaráðgjafa og málið var leyst í sátt.

## 11. Staðan á skrifstofunni

- Eva Hrund fer í fæðingarorlof í byrjun september og hefur Ragnar Magnús Þorsteinsson verið ráðinn í hennar stað og er nú þegar kominn í kennslu.
- Búið er að gera iðkendasamninga við landsliðsfólk.
- Fimm afreksmenn hlutu eyrnamerkta styrk úr Afrekssjóði. Næsta skref er að gera samninga við þá sem hlutu úthlutun.
- Karla landsliðið er lagt af stað á World Cup í Osijek.
- Vinna er hafin með Vésteini, afrekstjóra ÍSÍ. Við þurfum að biðja hann um fund með áhugasömum stjórnarmeðlimum. Jafnframt munum við senda kynninguna hans á stjórn.

## 12. Microsoft – non profit

Við reyndum að fá frían aðgang í nafni Fimleikasambandsins en það gekk ekki eftir og var ástæðan fyrir því að við værum sérsamband. Það er spurning um að reyna aftur í nafni fyrirtækisins eða hvort við eigum að stofna nýtt félag sem er non profit.

## 13. Vinnufundur skrifstofu, stjórnar og nefndarmanna

Stefnum á vinnufund í lok ágúst.

## 14. Önnur málefni

- Evrópuþing 2025. Ákveðið að sækja um þingið, Sólveig ætlar að kalla eftir gögnum.
- Fjárhagur félaganna. Flest öll félögin eru í tapi, tókum súpufund með félögunum um rekstur félaganna.



- 55 ára afmæli. Stefnum á afmælissýningu. Gísli Örn ætlar að hitta Sólveigu. Farið verður yfir sögu sambandsins.
- Búið er að búa til iðkendasamninga við landsliðsfólk, undirskrift fyrirhuguð á haustmánuðum.
- Verðlaun. Það þarf að sameina betur aldurshópa þannig að hópar séu ekki svona litlir. Þurfum jafnframt að breyta reglunni áhaldamegin í að veitt eru verðlaun fyrir 1. – 3. sæti ef keppendur eru 5 eða fleiri líkt og er í hópfimleikum. Hugsanlega þarf að vera sérregla varðandi áhaldafimleika karla þar sem að þeir eru svo fáir.
- Móta- og keppnisreglur. Spurning hvort við tökum út að keppendur séu skikkaðir í að mæta ef viðkomandi er að keppa í fyrri hluta af tveimur og á ekki von á verðlaunum.

Fundi slitið kl. 18:54.